

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Tillaga um samstarf Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna sameiginlegrar þróunar og reksturs Veitu

Að undirlagi Jónsmessunefndar var stofnaður stýrihópur vorið 2024 með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS), Reykjavíkurborgar og Íslenska ríkisins. Markmið hópsins var að kortleggja helstu samstarfsfleti á sviði stafrænnar þróunar.

Stýrihópurinn skilgreindi nokkur kjarnaverkefni sem áhugaverð tækifæri til samvinnu. Við nánari skoðun kom einnig í ljós að raunhæfasta leiðin fyrir sveitarfélögin væri að sameinast um einstaka verkefni og vinna sameiginlega að slíkum verkefnum í takt við þróun lausnamengis Stafræns Íslands og framþróun einstakra ríkisstofnana utan Stafræns Íslands.

Í framhaldinu var sameiginleg þróun og rekstur Veitu valið sem raunhæft verkefni til að hefja samstarfið en verkefnið tengist lagabreytingum sem nýlega voru samþykktar. Tillagan fékk jákvæða afgreiðslu í stafrænu ráði sveitarfélaga þann 20. nóvember og var einnig samþykkt af stafrænu ráði Reykjavíkurborgar þann 27. nóvember, sbr. 1. lið fundargerðar ráðsins s.d.

Hjálagða tillögu mun Samband íslenskra sveitarfélaga leggja fyrir stjórn sína í ársbyrjun 2025.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Óskar Sandholt,
sviðsstjóri

Hjálagt er :

- Tillaga um samstarf Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna sameiginlegrar þróunar og reksturs Veitu.
- Fundargerðir 30. og 32. funda stafræns ráðs sveitarfélaga.
- Trúnaðarmerkt samkomulag Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar um sameiginlega þróun, viðhald, rekstur og hýsingu á Veitu.

TILLAGA

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar

Efni: Tillaga um samstarf Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna sameiginlegrar þróunar og reksturs Veitu

Verkefnið felur í sér betrubætur á Veitu kerfum fyrir fjárhagsaðstoðarumsóknir sveitarfélaga með það fyrir augum að til staðar verði ein lausn sem öll sveitarfélög sem þess óska geti innleitt í starfsemi sína. Annað hvort verði betri lausnin af núverandi Veitum valin til framþróunar eða ný útgáfa með íhlutum frá hvorri Veitu fyrir sig verði útfærð. Einnig verður skoðað hvort mögulegt sé að finna heppilega lausn á markaði sem væri hagkvæmari. Lausnin verður fjölnotendalausn (e. multi-tenant) og tengd straumi Þjónustugáttar Tryggingastofnunar Ríkisins.

Bakgrunnur verkefnisins er sá að nýsamþykkt lög um endurskoðunar örorkulífeyriskerfis (<https://www.althingi.is/altext/154/s/2123.html>) kveða á um lögbundna þátttöku sveitarfélaga í Þjónustugátt TR. Reykjavíkurborg og Samband Íslenskra sveitarfélaga reka hvor sína útgáfuna af Veitu sem upphaflega var hönnuð og smíðuð við vinnslu fjárhagsaðstoðarapps Reykjavíkurborgar en ljóst er að tækifæri felast í því fyrir sveitarfélög að takast sameiginlega á við verkefnið að tengja eina Veitu við Þjónustugáttina.

Með samrekstri sameiginlegrar Veitu má ná fram samlegðaráhrifum bæði vegna þróunar og reksturs en ekki síður vegna samræmingar vinnubragða og sameiginlegrar tengingu við Mínar Síður á Ísland.is.

Ráðgjafinn, sem tengist Veitu, dala.care og Þjónustugátt TR, getur einnig verið hluti af samstarfinu. Mikilvægt er að meta hvort viðeigandi sé að deila Ráðgjafanum með öðrum sveitarfélögum og hvort það verði gert á sama hátt fyrir alla eða með sérhæfðum útfærslum.

Kostnaðarskipting

Lagt er til að kostnaður af þróun og rekstri lausnarinnar skiptist þátttakendur með eftirfarandi hætti: Allir þátttakendur greiða fastan kostnað sem nær yfir sameiginlega innviði og grunnrekstur lausnarinnar sem og hlutdeild í sameiginlegri framþróun, þ.m.t. vörustýringu. Þessum kostnaði verði skipt í hlutfalli við íbúafjölda hvers sveitarfélags.

Ábyrgðarskipting

Til að tryggja að allir þátttakendur fái hljómgrunn í verkefninu, án þess að hagsmunir stærri sveitarfélaga verði ofan á hagsmunum minni sveitarfélaga, er lagt til að stofnaður verði stýrihópur með fulltrúum þátttakenda. Notað verði líkan með fyrirframgefnum



breytum sem aðilar koma sér saman um sem notað verði til að forgangsraða viðbótum og breytingum á lausninni. Einnig geta einstaka sveitarfélög eða hópar óskað eftir sérstakri aukþjónustu í þeim tilfellum sem um ræða viðbætur sem ekki ná framgangi eða raðast neðarlega í forgagnsröðun samkvæmt líkani. Þær viðbætur verði fjármagnaðar beint af viðkomandi sveitarfélagi eða hópi sveitarfélaga.

Vörustjórnun og vörubrún

Reykjavíkurborg ber ábyrgð á vörustjórnun verkefnisins. Stýrihópur með fulltrúum þátttakenda ber ábyrgð á vörubrún sem og að tryggja framgang verkefnisins í samræmi við þarfir allra þátttakenda.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri

Fundargerð 30. fundar

stafræns ráðs sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 16. ágúst kl. 11:15 kom stafrænt ráð sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Óskar Sandholt, Ingimar Þór Friðriksson, Valgerður Björk Pálsdóttir, Jóna Árný Þórðardóttir, Linda Björk Pálsdóttir og Gylfi Ólafsson.

Ásthildur Sturludóttir tók þátt í fundinum á Teams. Hún vék af fundinum kl. 12.00.

Álfhildur Leifsdóttir tók þátt í fundinum á Teams. Hún kom inná fundinn kl. 13.00.

Almar Guðmundsson kom inná fundinn kl. 12.40.

Að auki sátu fundinn Björgvin Sigurðsson, Dagný Edda Þórisdóttir, verkefnastjórar og Þórdís Sveinsdóttir, sviðstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagný Edda boðin hjartanlega velkomin inná fund Stafræns ráðs, sem nýr starfsmaður Sambandsins.

Fundargerðin var færð í tölvu. Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð nr. 29 - 19.06.2024 - til samþykktar - 2009664SA

Fyrirliggjandi er fundargerð nr. 29 stafræna ráðs til samþykktar.

Sviðstjóri fór yfir fundargerðina og sagði ítarlega frá minnisblaði spretthóps um samþættingu ríkis og sveitarfélaga í stafrænum málum sem lagt var fyrir Jónsmessunefnd 24. júní síðastliðinn.

Spretthópurinn lagði til þrjár sviðsmyndir í minnisblaðinu, sem voru eftirfarandi:

Sviðsmynd1: Óbreytt ástand.

Sviðsmynd2: Stýrihópur myndaður af fulltrúum Sambandsins, Reykjavíkurborgar og Stafrænt Íslands. Hópurinn mun skilgreina hvernig forsendur samstarfsins, ábyrgð, forgangs röðun verkefna og fjármögnun.

Sviðsmynd3: Stafræn verkefnastofa hins opinbera, þar sem ríki og sveitarfélög munu sameinast starfsemi Stafrænt Íslands, sem væri gert að sjálfstæðum lögaðila.

Eftir Jónsmessufundinn var ákveðið að fá utanaðkomandi ráðgjafa til að gera fýsileikakönnun varðandi sviðsmynd 3. Þá ákváðu fulltrúar spretthóps að best væri byrja strax að vinna að sviðsmynd 2 því það væri grunnurinn að samstarfi við sviðsmynd 3 og að svara kröfum formlegt samstarf við Stafrænt Ísland.

Góðar umræður voru minnisblaðið og almenn ánægja um að vegferðin

um að formgera samstarf ríkis og sveitarfélga í stafrænum verkefnum væri hafin.

Stafrænt ráð samþykkti einróma fundargerð nr. 29.

2. Fundargerðir faghóps í stafrænum málum - til kynningar - 2009722SA

Til kynningar voru fyrirbyggjandi fundargerðir síðustu tveggja funda faghóps, frá 12. júní og 14. ágúst.

Verkefnastjóri í stafrænum málum fór yfir helstu verkefni sem rædd voru hjá faghópnum.

Góðar umræður mynduðust um verkefni og mikil ánægja var með að fundargerðir faghópsins til kynningar.

Engar athugasemdir.

3. Hlutverk stafrænt ráðs - endurskoðun erindisbréfs - Til umræðu - 2009018SA

Umræða um hlutverk stafræns ráðs og endurskoðun núverandi erindisbréf.

Farið yfir niðurstöður stefnumótunarvinnu frá liðnu ári, þar sem hlutverk, skipulag og framtíð stafræna ráðsins voru rædd. Erindisbréf ráðsins er orðið fjögurra ára gamalt og margt breytst í umhverfi stafrænna mála og hjá Sambandinu.

Góðar umræður um hlutverk Stafræns ráðs, tengingu þess við faghóp um stafræn mál, stjórn Sambandsins og landshlutasamtökin.

Lagt var til að sviðstjóri myndi uppfæra erindsbréfið í samræmi við breytt skipurit Sambandsins og þá umræðu sem skapaðist á fundinum. Erindisbréfið yrði síðan sent fulltrúm Stafrænt ráðs til yfirlestrar áður en það væri lagt fyrir stjórn Sambandsins til samþykktar.

Önnur tillaga var að fundargerðir Stafræns ráðs yrðu birtar á heimasíðu Sambandsins líkt og hjá öðrum undirnefndum stjórnar Sambandsins.

Þriðja tillagan var að sviðstjóri myndi senda á landshlutasamtökin og óska eftir að halda kynningu á stöðu stafræna mála inná haustfundi samtakana. Segja frá meðal annars breytingunum hjá Sambandinu, helstu verkefnum og vinnu við að móta samstarf við ríkið og Stafrænt Íslands.

Stafrænt ráð samþykkti samhljóða framkomnar tillögur.

4. Tenging milli faghóps og stafræns ráðs - Til umræðu - 2009722SA

Umræða um hvernig hægt er að tengja saman fulltrúa faghóps og fulltrúa Stafræns ráðs, til að tryggja flæði upplýsinga milli hópa. Farið var yfir fyrirbyggjandi niðurstöður úr stefnumótunarvinnu stafræns teymis Sambandsins síðasta vetur.

Nýjung á fundi stafræns ráðs að lagðar voru fram á fundargerðir faghóps til kynningar. Mikil ánægja með það og lagt til að halda því áfram.

Þá var einnig lagt til að óska eftir tveim aðilum úr faghóp til að vera fastir áheyrnafulltrúar með tillögurétt og málfrelsi innan ráðsins, til að fylgja eftir málum og verkefnum faghóps ásamt verkefnastjórum þróunarsviðs.

Stafrænt ráð samþykkti samhljóða tillögur um að fundargerðir faghóps yrðu lagðar fyrir á fundum stafræns ráðs og að óska eftir tveim aðilum úr faghóp inná fundi sem áheyrnafulltrúa.

5. Tenging milli stafrænt ráðs og stjórnar Sambandsins - Til umræðu - 2009018SA

Umræða um hvernig hægt er að tengja saman og tryggja flæði upplýsinga milli Stafræns ráðs og stjórnar Sambandsins.

Lagt var til að óska eftir fulltrúa úr stjórn Sambandsins inni Stafrænt ráð sem áheyrnafulltrúar með tillögurétt og málfrelsi, til að tryggja flæði upplýsinga og fylgja eftir ákveðnum málum sem vísa þarf inn til stjórnar. Sviðstjóra gert að fylgja þeirri ósk eftir til stjórnar Sambandsins.

Stafrænt ráð samþykkti samhljóða framkomna tillögu um að óska eftir fulltrúa stjórnar Sambandsins inni Stafrænt ráð sem áheyrnafulltrúa.

6. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 - Til umræðu - 2310029SA

Farið yfir fyrirbyggjandi starfsáætlun og kostnaðaráætlun vegna 2024 og upplýst um stöðu mála.

Umræða um hvernig skal haga undirbúningi yfir starfsáætlun og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025. Lagt er til að halda óbreyttu fyrirkomulagi fyrir árið 2025 um rekstrargrunn fyrir stafræna verkefni, þar sem langt er liðið á árið 2024.

Stafrænt ráð lagði áherslu á að Sambandið myndi fylgja eftir framkvæmd á fjárhagslegu mati á verkefnum sem sett eru fram í lagasetningum. Verkefnum sem leysa á með stafrænum hætti og koma til framkvæmda hjá sveitarfélögunum. Tryggja þarf að slíkum verkefnum fylgir fjármagn til fjárfestinga og breytinga á stafrænum innviðum sveitarfélaga.

Engar athugasemdir.

7. Stafrænt ráð - önnur mál - 2212016SA

Teknar voru fyrir eftirfarandi bókanir frá Kópavogsbæ, sem bárust sviðstjóra í tölvupósti á meðan fundi stóð, varðandi ákveðna þætti í stafrænu samstarfi:

Óskað er að Stafræna teymið forgangsraði verkefnum sínum í þágu þessara verkefna svo hægt sé að byggja á þessum grunnstöðum:

1. Klára vinnu um "Gagnagrunnur um gögn". Gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum opinberum aðilum. Meðal annars hvaða gögn, gagnasvæðin, hvernig má nýta, hvað gögn, hver viðheldur, hvernig er hægt að tengjast.
2. Klára vinnu við "Samræmdar kröfur til hugbúnaðar". Tryggja gæða hugbúnaðarþróun og möguleika á samþættingu lausna.

Stýrihópur varðandi opinbera verkefnastofu láti kanna möguleika á að ríkisvaldið til aukin stuðning við sveitarfélögin, t.d. með stofnu á sérstakri verkefnastofu innan Stafræns Íslands með um 5 verkefnastjórum sem eingöngu vinna að verkefnum fyrir sveitarfélögin. Auk þess að tryggja nægt fjármagn til að standa að fjármögnun 5 - 10 stafrænna ferla árlega næstu 10 árin eða um 1-3 milljarða árlega.

Varðandi fyrstu tvær tillögurnar þá var ákveðið eftir umræðu ráðsins að þessi verkefni yrðu sett á verkefnaáætlun stafræna teymisins á næsta ári.

Varðandi síðustu tillögunar þá var ákveðið eftir umræðu ráðsins og fulltrúa stýrihópsins sem sátu fundinn að taka tillit til bókunar varðandi ákveðinna þætti á fyrirkomulagi í samstarfi Sambandsins, Reykjavíkurborgar og Stafrænt Íslands.

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi lauk kl. 14.48.

Fundargerð 32. fundar

stafræns ráðs sveitarfélaga

Árið 2024, miðvikudaginn 20. nóvember kl. 08:15 kom stafrænt ráð sveitarfélaga saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ásthildur Sturludóttir, Álfhildur Leifsdóttir, Óskar Sandholt, Ingimar Þór Friðriksson, Valgerður Björk Pálsdóttir, Almar Guðmundsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Linda Björk Pálsdóttir og Gylfi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Björgvin Sigurðsson, Dagný Edda Þórisdóttir verkefnisstjórar í stafrænni umbreytingu og Þórdís Sveinsdóttir, sviðstjóri þróunarsviðs sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 31.fundar - 18.09.2024 - Til samþykktar - 2009664SA

Lögð fram til samþykktar fundargerð 31. fundar stafræna ráðsins frá 18. September 2024

Stafrænt ráð samþykkti einróma fundargerð nr. 31 og verður hún send í rafræna undirritun.

2. Fundargerðir faghóps í stafrænum málum - Til kynningar - 2009722SA

Til kynningar voru fyrirbyggjandi fundargerðir síðustu tveggja funda faghóps, frá 9. október og 13. nóvember 2024.

Verkefnastjóri í stafrænum málum fór yfir helstu verkefni sem rædd voru hjá faghópnum.

Góðar umræður mynduðust um þau verkefni sem rædd voru.

Engar athugasemdir.

3. Veitur - sameiginleg þróun og rekstur - Til kynningar - 2411014SA

Lögð er fram tillaga um samstarf Reykjavíkurborgar og Sambandsins um þróun og rekstur Veitna.

Áhægja um að samþætta eigi tæknistakk fyrir sveitarfélögin öll.

Engar athugasemdir.

4. Defend Iceland ehf. - rammamningur - Til kynningar - 2411015SA

Farið var yfir drög að samningi við Defend Iceland, varðandi villuveiðigátt.

Ánægja með fyrirbyggjandi samning.

Engar athugasemdir.

5. Önnur mál - 2212016SA

Sviðstjóri óskaði eftir framboði til formanns, þar sem núverandi formaður hefur tekið sér tímabundiðleyfi frá sveitarstjórnarmálum og sækir þar af leiðandi ekki fundi Stafræna ráðsins.

Valgerður Björk Pálsdóttir var tilnefnd af fulltrúa stafræna ráðsins. Hún ætlar að fá að hugsa málið.

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi var slitið kl. 09:15